



Ársskýrsla  
Fjölbrautaskólans í  
Garðabæ 2011

Febrúar 2012

**Efnisyfirlit:**

1	Hlutverk og markmið	bls. 2
	<i>1.i Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ</i>	<i>bls. 2</i>
	<i>1.ii Stefnuskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ</i>	<i>bls. 2</i>
	<i>1.iii Leiðir að markmiðum</i>	<i>bls. 2</i>
	<i>1.iii Skólasamningur</i>	<i>bls. 8</i>
	<i>1.iv Framkvæmdaáætlun stefnuskrár 2010</i>	<i>bls. 10</i>
2	Starfsemi á árinu 2010	bls. 15
	<i>2.i Fjármál</i>	<i>bls. 16</i>
	<i>2.ii Húsnæðismál</i>	<i>bls. 17</i>
	<i>2.iii Stjórnun</i>	<i>bls. 18</i>
	<i>2.iv Starfslýsingar</i>	<i>bls. 19</i>
	<i>2.v Forvarnastarf</i>	<i>bls. 20</i>
	<i>2.vi Þróunarverkefni</i>	<i>bls. 20</i>
3	Skólanámskrá FG	bls. 21
	<i>3.i Námskrárbreytingar í FG</i>	<i>bls. 21</i>
4	Sjálfsmat í FG	bls. 23
	Fylgiskjöl	bls. 26
	<i>Rekstraryfirlit FG 2011</i>	<i>bls. 27</i>
	<i>Rekstraáætlun 2012</i>	<i>bls. 28</i>
	<i>Yfirlitstafla gæðamats í FG</i>	<i>bls. 29</i>



## i Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ er að efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ mun leitast við að:

- bjóða upp á fjölbreytt og gott nám,
- hvetja nemendur til stöðugar þekkingarleitar og þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum,
- auka víðsýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfá þá í gagnrýninni hugsun,
- efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi,
- þjálfá nemendur í að njóta menningarlegra verðmæta.

### 1i Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Meginmarkmið skólans er að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

Markmiðum þessum hyggst skólinn ná með því að:

- ❖ auka námsframboð og efla kennslu og stoðþjónustu
- ❖ gera stjórnun skilvirka
- ❖ skapa gott húsnæði og bæta búnað
- ❖ efla hollt félagslíf nemenda
- ❖ bæta umgengni í skólanum
- ❖ bæta ástundun nemenda
- ❖ auka samvinnu við íbúa, fyrirtæki og aðra skóla
- ❖ efla útgáfustarfsemi og kynningu á starfsemi skólans

### 1ii Stefnuskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ vill með stefnuskrá sinni skapa hin bestu skilyrði til að þjóna því hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt lögum, reglugerðum og Aðalnámskrá framhaldsskóla. Stefnuskráin er unnin af skólanefnd, starfsmönnum og nemendum skólans og er árlega tekin til endurskoðunar. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ vill með stefnuskrá sinni skapa hin bestu skilyrði til að þjóna því hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt lögum, reglugerðum og Aðalnámskrá framhaldsskóla. Stefnuskráin er unnin af starfsmönnum og nemendum skólans og er árlega tekin til endurskoðunar. Stefnuskráin er birt á [heimasíðu skólans](#).

### 1iii Leiðir að markmiðum

Markmiðum FG hyggst skólinn ná með því að huga sérstaklega að þessum þáttum:

#### Námsframboð, innritun, kennsla og stoðþjónusta.

- Mikilvægt er að skólinn veiti nemendum eins fjölbreytta og góða þjónustu og unnt er til þess að nemendur hljóti góða almenna menntun og fái um leið góðan undirbúning fyrir framhaldsnám.



### Námsframboð

- Áhersla er lögð á traust almennt bóknám í samræmi við Aðalnámskrá framhaldsskóla.
- Skólinn styrkir markvissa uppbyggingu listnámsbrautar að fengnum tillögum frá kennslustjóra list- og verkgreina.
- Nýtt húsnæði með bættri aðsöðu til kennslu verður tekið í notkun sem fyrst.
- Skólinn eflir uppbyggingu náms í markaðsfræði, upplýsingafræðum, fjölmiðlafræði, íþróttfræði og viðskipta- og hagfræði að fengnum tillögum frá kennslustjórum þessara greina.
- Skólinn styrkir markvissa uppbyggingu náms á starfsbraut 2 að fengnum tillögum frá kennslustjóra brautarinnar. Nýtt húsnæði með bættri aðsöðu til kennslu verður tekið í notkun sem fyrst.
- Skólinn styrkir markvissa uppbyggingu náms á almennri námsbraut að fengnum tillögum frá kennslustjóra brautarinnar. Starfsnám verði hluti af námi brautarinnar. Nemendur myndi sérstaka hópa á brautinni að fengnum tillögum frá kennslustjóra og geri samning við skólann um ástundun.
- Boðið er upp á sérþjónustu í HG-hópi, hópur-hraði-gæði, fyrir nemendur með góðar einkunnir úr 10. bekk grunnskóla.
- Fjarkennsla er í boði í sem flestum áföngum.

### Innritun nemenda

- Sérstakar viðmiðunarreglur varðandi innritun nemenda eru árlega afgreiddar í skólaráði og skólanefnd.
- Um skráningu nemenda gilda reglur sem skólaráð setur.

### Kennsla

- Kennslustjórar og kennarar taka markmiðssetningu árlega til skoðunar. Í markmiðssetningu komi skýrt í ljós til hvers sé ætlast með náminu og með hvaða hætti það verði best kynnt nemendum.
- Kennslustjórar bendi stjórnendum skólans reglulega á leiðir er hvetji kennara til að örva nemendur í tímum og veita þeim jákvæða athygli og umbun fyrir gott starf.
- Kennslustjórar og kennarar skoða a.m.k. árlega aðferðir við námsmat, s.s. próf, skil verkefna, umbun, takmarkanir o.fl. Hugað verði sérstaklega að samræmi og jafnræði við námsmat.
- Kennsluáætlanir í hverjum áfanga eru lagðar fyrir nemendur í fyrsta tíma námsgreinar á hverri önn. Í kennsluáætlunum er skilgreint hvernig námsmat fyrir hvern áfanga er sett saman.
- Kennslustjórar skipuleggja sérstaka úttekt á námsárangri nemenda skólans með reglulegu millibili. Leitað er skýringa á sýnilegum vandamálum og sérstaklega skoðað hverju megi breyta án þess að kröfur verði minnkaðar.
- Kennslustjórar geta skipulagt samþættingu námsgreina í samráði við viðkomandi kennara.
- Kennslustjórar kanna möguleika á nýjungum í kennsluháttum. Kennarar skipuleggja vettvangskennslu í samráði við kennslustjóra.
- Skólinn veitir viðurkenningar fyrir framúrskarandi námsárangur og frábæra skólasókn eftir settum reglum sem kennslustjórar setja í samráði við aðra stjórnendur skólans.

### Stoðþjónusta



- Náms- og starfsráðgjafar verða tveir í samanlagt 175% starfi miðað við 700 - 750 nemendur.
- Stoðþjónusta tekur mið af skólastefnu Mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- Starfsmenn bókasafns verða tveir í samanlagt 150% starfi miðað við 700 - 750 nemendur.
- Á bókasafni skólans verður góð lesaðstaða fyrir nemendur.
- Bókasafnið býður upp á sem flesta þætti upplýsingatækni.
- Bókasafnsstjórn setur markmið um uppbyggingu safnsins.
- Nemendur með sértæka námsörðugleika fá eins mikla aðstoð við námið og fjárveitingar leyfa.
- Kennslustjórar skipuleggja stoðkennslu í íslensku, ensku og stærðfræði.
- Nemendum skólans er boðið upp á sálfræðiþjónustu á vegum skólans í samráði við námsráðgjafa.
- Nemendum skólans er boðið upp á lækniþjónustu á skólatíma á vegum skólans og Heilsugæslunnar í Garðabæ. Þjónustan er nánar auglýst í skólanum.

### Stjórnun

- Verkaskipting er birt í starfslýsingum allra starfsmanna skólans. Stjórnendur skólans gera árlega áætlun um einfaldar og greiðar boðleiðir innan skólans. Reglur skólans skulu vera skýrar og öllum aðgengilegar.

### Verkaskipting

- Handbók starfsmanna er endurskoðuð reglulega. Í handbókinni eru allar nauðsynlegustu upplýsingar um starfsemi skólans. Handbók starfsmanna er gefin út í rafrænu formi. Hluti hennar er á heimasíðu skólans og hluti er á samskrá í tölvukerfi skólans.
- Starfslýsingar starfsmanna skólans eru birtar í handbók starfsmanna. Þær eru endurskoðaðar reglulega. Lög, reglugerðir og aðrar tilskipanir frá mennta- og menningarmálaráðuneyti geta breytt starfslýsingum. Á helstu námssviðum eru kennslustjórar ráðnir úr hópi kennara .
- Gæðaráð stýrir sjálfsmati í skólanum. Starfssvið þess er skilgreint í starfslýsingum.
- Gæðastjórnun í skólanum er altæk. Nemendur taki virkan þátt í þessu starfi. Haldinn er opinn fundur einu sinni á önn fyrir nemendur og nemendum verði gert kleift að leggja mat á þá þjónustu sem skólinn býður upp á. Nemendur gera athugasemdir og leggja fram tillögur um það hvernig skólinn á að búa þá undir framtíðina.
- Sjálfsmat í skólanum er unnið með markvissum hætti. Áhersla er lögð á viðhorfskannanir meðal nemenda og starfsmanna. Einnig er lögð áhersla á að próf verði samin og fari fram eftir settum reglum.
- Jafnréttisáætlun skólans er endurskoðuð reglulega og birt á heimasíðu skólans.
- Helstu stjórnendur skólans halda reglulega samráðsfundi.
- Starfsmönnum skólans verði gert kleift eins og unnt er að sækja ráðstefnur og námskeið sem tengjast starfi þeirra.

### Boðleiðir

- Fundir skólanefndar eru að jafnaði 3-4 á önn.
- Skólaráð heldur fundi að jafnaði hálfsmánaðarlega á skólatíma. Kennarafundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði á skólatíma.
- Kennslustjórar funda reglulega í samræmi við áætlun sem gerð er í upphafi skólaársins.



- Vinnufundir umsjónarkennara eru skipulagðir í samvinnu við þá í upphafi hverrar annar, sérstaklega í tengslum við námsáætlanir og val.
- Í byrjun hverrar annar eru ákveðnir sérstakir faglegir fundir fyrir kennara sem sinna ýmsum hlutverkum, s.s. kennslustjórn, kennslu ákveðinna námsgreina og umsjón með nemendum.
- Allar almennar tilkynningar til starfsmanna eru sendar í tölvupósti.
- Skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, tveir fulltrúar kennslustjóra og námsráðgjafar halda vikulega samráðsfundi.
- Skólameistari, aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri halda samráðsfundi vikulega.
- Helstu verkefni vikunnar eru send í tölvupósti í byrjun hverrar viku.
- Umsjónarkennarar fá vitneskju um málefni umsjónarnemenda sinna þegar við á.

### Reglur skólans

- Auk laga og reglugerða gilda í skólanum þessar reglur:
  - Almennar skólareglur.
  - Skólasóknarreglur.
  - Reglur um skráningu nemenda.
  - Reglur um forgangsröð við innritun.
  - Reglur um fjárfar.
  - Reglur um skóladansleiki.
  - Reglur um dimission.
  - Reglur um notkun og leigu húsnæðis.
- Reglur skólans eru afgreiddar í skólaráði og sendar skólanefnd.
- Reglur skólans eru endurskoðaðar reglulega.
- Reglur skólans eru birtar á heimasíðu FG.
- Nýjum starfsmönnum og nýjum nemendum er bent á að kynna sér reglurnar á heimasíðu skólans.

### Aðstaða

- Mikilvægt er að skólinn geti skipulagt starfsemi sína við eins góðar aðstæður og unnt er. Þess verði sértaklega gætt að gengið sé vel um húsnæði og farið vel með allan þann búnað sem skólinn á. Hugað verði vel að viðhaldi húsnæðis og nauðsynlegum breytingum.

### Húsnæði skólans

- Unnið er við undirbúning að viðbyggingu skólans fyrir list- og verkgreinakennslu og kennslu á starfsbraut 2.
- Unnið er að lagfæringum á húsnæði bókasafns og tölvustofa.

### Búnaður skólans

- Skólinn kaupir eins fullkominn tölvubúnað og kostur er samkvæmt tillögum tölvu- og tækjanefndar skólans.
- Allur annar nauðsynlegur kennslubúnaður er endurnýjaður samkvæmt tillögum tölvu- og tækjanefndar skólans

### Félagslíf nemenda

- Heilbrigt og þróttmikið félagsstarf, þar sem allir nemendur taka virkan þátt, er aðall skólans. Skólinn vill styrkja og efla félagslíf nemenda innan skólans.

### Félagslíf fyrir alla

- Skólaráð setur og kynnir áætlun um helstu þætti eins fjölbreytts félagslífs og unnt er.



- Nemendur hafa aðgang að húsnæði skólans utan daglegs skólatíma í samræmi við reglur sem skólaráð setur.

#### Heilbrigðir lífshættir

- Skólaráð samþykkir áætlun þar sem gert er ráð fyrir að styrkja sérstaklega þá þætti félagslífsins þar sem lítil hættu er á að nemendur neyti áfengis eða ólöglegra vímuefna.
- Forvarnastarf er skipulagt í samvinnu við forvarnafulltrúa, starfsmenn skólans, nemendafélagið, bæjaryfirvöld og allar þær stofnanir sem kunna vel til verka.
- Árshátíð skólans er haldin hverju sinni með vandaðri dagskrá og í skólanum.
- Gala-kvöld er haldið í skólanum einu sinni á skólaári.
- Skólaráð setur reglur um skóladansleiki.
- Skólaráð setur reglur um dimission.

#### Stuðningur

- Skólinn útvegar nemendafélaginu nauðsynlegan tækjabúnað, s.s. tölvur o.fl.
- Skólaráð fylgist vel með því hvernig fjármunum nemendafélagsins er varið.
- Stjórn skólans veitir nemendum reglulega viðurkenningar fyrir gott félagsstarf.
- Heimilt er með samþykki skólaráðs að leita til fyrirtækja til að styrkja hollar og góðar skemmtanir nemenda í skólanum.

#### Umgengni

- Skólaráð setur reglur um umgengni í skólahúsnæðinu og á skólalóðinni.
- Húsnæðið og umhverfi þess setur mönnum ákveðin mörk.

#### Skólahúsnæðið

- Reykingar eru ekki leyfðar í skólanum.
- Engum er leyft að ganga um skólann á útiskóm.
- Skógeymsla er í anddyri skólans og auk þess geta nemendur fengið skápa án gjalds.
- Matar og drykkjar má einungis neyta í mötuneytum nemenda og kennara og Miðgarði.

#### Lóð skólans

- Umhverfisáætlun skólans er endurskoðuð reglulega og birt á heimasíðu skólans.
- Nemendur eru ráðnir til að þrifa lóð skólans reglulega.
- Bílastæði starfsmanna eru sérstaklega merkt. Sérstök merki á bifreiðum gilda á þeim stæðum. Ómerktar bifreiðar verða fjarlægðar af bílastæðum starfsmanna.
- Lögð er áhersla á gætilegan akstur, sérstaklega vegna ungra vegfarenda. Lögregla og bæjaryfirvöld eru skólanum til aðstoðar í þessum málum.

#### Ástundun nemenda

- Nemendur eru reglulega minntir á að nám í skólanum er fullt starf sem ber að sinna af alúð og samviskusemi. Samkvæmt skólasóknarreglum er heimilt að vísa nemanda frá námi og prófum uppfylli hann ekki lágmarkskröfur um skólasókn. Skólaráð afgreiðir álitamál í þessum efnum.

#### Daglegt starf í skólanum

- Gagnkvæm virðing, kurteisi, heiðarleiki og ábyrgð skulu ríkja í samskiptum nemenda og starfsfólks.
- Vinnufriður skal ríkja í skólanum. Nemendum ber að koma undirbúnir í kennslustundir, vera virkir og lúta verkstjórn kennara. Kennurum er heimilt að vísa nemendum úr tíma valdi þeir ítrekuðu ónæði.



- Umsjónarkennarar kalla nemendur í viðtöl og ræða við þá um skólasókn og ástundun í námi.

### Skólasókn

- Skólaráð setur reglur um skólasókn.
- Skylt er að sækja allar kennslustundir stundvíslega.
- Fjarvistaskráning er í höndum kennara.
- Starfsmenn skólans sýni nemendum gott fordæmi með stundvísi. Ekki er hringt inn eða út úr tímum. Kennarar stilla klukkur í kennslustofum og húsvörður á öðrum stöðum í skólanum.
- Nemendum ber að tilkynna veikindi í síma hvern veikindadag. Heildarskólasókn nemenda er skráð í Innu.
- Foreldrar, sem stunda nám við skólann, geti sótt um frjálsa skólasókn til skólaráðs sem setur þeim ákveðin skilyrði varðandi námið.
- Skólasókn getur verið hluti kennaraeinkunnar. Skýrt komi fram í kennsluáætlun hlutfall skólasóknar í kennaraeinkunn.

### Samvinna við íbúa, fyrirtæki og aðra skóla

- Húsnæði skólans má nota til ýmiss konar starfsemi utan hefðbundins skólatíma. Íbúum Garðabæjar og Álftaness skal reglulega bent á að húsnæðið gefur mikla möguleika á starfsemi af ýmsu tagi. Þar má nefna fundahöld, tónleika, fyrirlestra, leikýningar, kvikmyndasýningar, veislur, listsýningar, íþróttaviðburði og skemmtanir af ýmsu tagi. Mikilvægt að slíkir menningar-, íþrótt- og listviðburðir verði sem mest færðir inn í hefðbundið skólastarf.

### Fjölbreytni

- Skólinn býður upp á ýmiss konar kvöld- og helgarnámskeið fyrir almenning.
- Skólinn skipuleggur námskeið fyrir starfsmenn fyrirtækja og félaga í ýmsum samtökum. Kennslustjórar gera áætlanir um gestafyrirlesara í kennslutímum, t.d. úr hópi foreldra nemenda skólans og fyrrverandi nemenda FG. Skólinn greiðir fyrir slíka vinnu.

### Efld verði samvinna við ýmsa aðila

- Skólinn vinnur markvisst að samvinnu við sem flestar stofnanir og félög í Garðabæ og Álftanesi, s.s. kirkju, nefndir ýmiss konar og íþróttafélög.
- Skólinn vinnur að samvinnu við ýmis fyrirtæki á svæðinu. Fyrirtækin taki nemendur í starfsþjálfun í samráði við skólann.
- Kennslustjórar skipuleggja samskipti við skóla innanlands og erlendis í samráði við stjórnendur skólans.
- Skólaheimsóknir innan lands eða utan eru árlegir viðburðir.
- Námsferðum er hagað þannig að sem flestir eigi möguleika á þátttöku.
- Góðvinafélag FG heldur a.m.k. einn almennan fund á skólaári í skólanum og kynnir starf sitt.
- Foreldrafélag FG heldur a.m.k. einn almennan fund á skólaári í skólanum og kynnir starf sitt. Stjórn félagsins á einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd FG.

### Kynningarstarf

- Mikilvægt er að skólinn sé kynntur með skipulögðum hætti sem virk mennta- og uppeldisstofnun með fjölbreytta þjónustu fyrir nemendur á framhaldsstigi og fullorðið fólk.

### Útgáfustarf





- Á heimasíðu skólans eru allar upplýsingar um starf Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Heimasíðan er uppfærð reglulega. Heimasíðunefnd annast ritstjórn síðunnar.
- Skólinn og nemendafélagið gefa út sameiginlega Fréttablað með helstu upplýsingum um starfsemi skólans. Fréttablaðið kemur út a.m.k. fjórum sinnum á skólaári. Á árinu 2009 var blaðið gefið út í rafrænu formi og birt á heimasíðu skólans.
- Skólaráð hefur eftirlit með útgáfumálum nemenda.

### Önnur kynning á starfsemi skólans

- Skólinn gefur út ársskýrslu liðins árs og ársáætlun byrjaðs árs fyrir 15. febrúar ár hvert.
- Starfsemi skólans er kynnt fyrir íbúum bæjarfélaganna með ýmsu móti, s.s. kynningarbæklingum, heimasíðum greina og vönduðum auglýsingum. Íbúum er boðið reglulega í heimsókn í skólann t.d. á sýningar, skemmtikvöld, tónlistarkvöld o.fl., s.s. í samvinnu við foreldrafélag skólans.
- Áhersla er lögð á kynningu á góðu almennu bóknámi og sérhæfðu námsframboði skólans, FG sem virkum skóla í samfélagi (Community School) og átaki skólans í ýmsum málum, s.s. forvarnastarfi, reykingabanni, öflugum og fjölbreyttu félagslífi, almennri umgengni o.fl.
- Skólinn er virkt afl í menningarlífi Garðabæjar og Álftaness.

### 1.iii Skólasamningur

Menntamálaráðuneytið og Fjölbrautaskólinn í Garðabæ gerðu með sér skólasamning fyrir tímabilið 2006-2008. Samningurinn var undirritaður 6. febrúar 2006 og er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um árangursstjórnun í ríkisstofnunum frá 11. nóvember 1997 og felur í sér 39. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla. Samningurinn var framlengdur til 2010 og var síðan skrifað undir nýjan samning 26. ágúst 2010. Sá samningur gildir frá 1. janúar 2010 og gildir í þrjú ár.

Samningurinn tiltekur m.a. hlutverk skólans, skipulag, markmið, námsframboð, sjálfsmat og eftirfylgni, rekstur, húsnæði, upplýsingatækni, starfsmannamál, samskipti og upplýsingastreymi. Samningurinn er í stöðugri endurskoðun og hefur verið bætt inn í samninginn mælanlegum markmiðum og skal nú litið á þau markmið. Talsvert af þessum markmiðum eru sett fram í framkvæmdaáætlun og má skoða að sameina í eitt markmiðskafla skólasamnings og framkvæmdaáætlun. Horft verður á markmið eins og þau voru sett fram í febrúar 2011. Athuga ber að í fjölmörgum tilfellum er hægt að fá nánari upplýsingar í sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir skólaárið 2010-2011.

## 1. Nemendur

### Meginmarkmið

- Nemendur hljóti góða almenna menntun og fái um leið góðan undirbúning fyrir framhaldsnám.
- Við innritun er tekið mið af þeirri stefnu skólans að þjóna breiðum hópi nemenda.
- Fjöldi nemenda verði hverju sinni í samræmi við forsendur fjárlaga og skv. sérstökum



samningum við ráðuneyti.

- Skólinn veiti nemendum eins fjölbreytta og góða þjónustu og unnt er. Stoðþjónustan felist í náms- og starfsráðgjöf, starfsmönnum á bókasafni, stoðkennslu skipulagðri af kennslustjórum og sálfræði- og læknisþjónustu á vegum skólans.
- Skólasókn nemenda sé góð þar sem skólasókn og góður námsárangur helst í hendur.
- Stuðlað sé að því að nemendur temji sér heilbrigðan lífsstíl.
- Við skólann sé virkt foreldraráð.
- Heilbriggt og þróttmikið félagsstarf, þar sem allir nemendur taki virkan þátt, er aðall skólans. Skólinn vill styrkja og efla félagslíf nemenda innan skólans.

### Deilimarkmið

- Áætlaðir ársnemendur vor 2011 verði 726 og haust 2011 verði þeir 765. Innritað er á starfsbraut, almenna braut 1, fjórar bóknámsbrautir, listnámsbraut og íþróttabraut. Fyrir duglega nemendur er í boði að stunda nám sem HG nemandi. Fjarnám er einnig í boði við skólann. **Þetta náðist og gott betur og voru ársnemendur skólans samkvæmt tölum ráðuneytisins 785.**
- Boðið verði upp á stoðtíma í stærðfræði og íslensku eftir þörfum hverju sinni. **Stoðtímar hafa verið á hverri önn í stærðfræði. Áfanginn ÍSL193 sem er hugsaður fyrir þá sem hafa ekki tileinkað sér námsefni grunnskólans var kenndur í fyrsta skipti í nokkrar annir. Sótt var um styrk fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og var hann veittur. Við vonumst til að hann komi í góðar þarfir á árinu 2012.**
- Send verði út áminningarbréf vegna skólasóknar tvisvar á önn og lögð áherslu á aukid aðhald af hálfu umsjónarkennara vegna skólasóknar. **Var gert.**
- 98% allra dagskólanemenda skili sér í próf í annarlok. **Varð 96,5% á vorönn og 98,2% á haustönn.**
- 85% allra fjarnema skili sér í próf í annarlok. **Varð 86,4% á vorönn og 92% á haustönn.**
- 25% nemenda verði með yfir 96% skólasókn í lok annar. **Varð 22% á vorönn og 30% á haustönn.**
- 50% nemenda verði með yfir 92% skólasókn í lok annar. **Varð 37% á vorönn og 45% á haustönn.**
- 70% nemenda verði með yfir 87% skólasókn í lok annar. **Var 56% á vorönn og 65% á haustönn.**
- Skólinn stefnir á að verða heilsueflandi skóli með því að taka þátt í verkefni á vegum Lýðheilsustöðvar, undirbúningsfundur áætlaður í febrúar 2011. **Skólinn er þátttakandi í verkefninu. Verkefnið hófst með breytingum í mötuneyti og var síðan sett formlega í janúar 2012.**
- Heilsuvika áætluð í mars 2011 með áherslu á heilbrigðan lífsstíl. **Var framkvæmt.**
- Foreldrafélagið virkjað í að standa fyrir fræðslufundi fyrir foreldra á vorönn, í samvinnu við skólann, þar sem fjallað verði um efni tengt forvörnum. **Var framkvæmt.**
- Nemendur hafi aðgang að húsnæði skólans utan daglegs skólatíma í samræmi við reglur sem skólaráð setur. **Er í gangi.**



## 2. Nám

### Meginmarkmið

- Markmið FG hvað námsframboð varðar er að skólinn veiti nemendum eins fjölbreytta og góða þjónustu og unnt er til þess að nemendur hljóti góða almenna menntun og fái um leið góðan undirbúning fyrir framhaldsnám. Áhersla er lögð á traust almennt bóknám í samræmi við Aðalnámskrá framhaldsskóla og sérstaka uppbyggingu ýmissa brauta.
- Auka við kennslu í stærðfræði í efri áföngum og bæta ritun sem svar við niðurstöðu könnunar nemenda á háskólastigi þar sem þeim fannst þessum þáttum ábótavant.
- Skólinn vinnur að innleiðingu laga nr. 92/2008 um nýja námskrá.

### Deilimarkmið

- Boðið verði upp á fjóra framhaldsáfanga í stærðfræði og lögð áhersla á ritun í öllum áföngum. Kennslustjórar skili inn skýrslu í lok skólaárs þar sem fram komi hvernig aukin áhersla var lögð á ritun í viðkomandi deild. **Var framkvæmt.**
- Unnið verði að gerð nýrrar skólanámskrár í samstarfi við Menntaskólann á Egilsstöðum og Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Ný skólanámskrá verði tekin í notkun haustið 2011. **Unnið var ötullega að gerð nýrrar námskrár. Sótt var um og fékkst 10 milljón króna styrkur til að vinna að nýrri námskrá. Nú er stefnt að taka upp nýja námskrá haustið 2012.**
- Ráðinn verði verkefnastjóri frá hausti 2010 sem hefur m.a. það hlutverk að halda utan um námsskrárvinnuna. **Var framkvæmt.**
- Umsókn um styrk til mrn. til að fara af stað með nýja námskrá haustið 2012 verði send í janúar 2011. **Sjá að ofan.**
- Þróaðar verði styttri brautir við skólann sem gætu verið útgönguleið fyrir nemendur sem ekki ljúki stúdentsprófi. **Búið er að vinna nokkrar styttri brautir og gerum við ráð fyrir að bjóða upp á styttri útgáfu af öllum brautum ásamt brautum sem eru eingöngu hugsaðar fyrir styttra nám.**

## 3. Kennsla

### Meginmarkmið

- Að kennarar skólans séu vel menntaðir og allir með full kennsluréttindi.
- Halda námskeið og fræðslufundi fyrir starfsmenn.
- Skólinn greiðir fyrir starfstengda endurmenntun sem er að ósk skólustjórnenda og reynir að styrkja aðra endurmenntun sem er fagtengd og talin nýtast starfsmanni í starfi sínu.
- Kennsluáætlanir eru settar á heimasíðu skólans í hverjum áfanga í upphafi annar.
- Meta kennslu, kennsluaðferðir og innihald áfanga.



#### Deilimarkmið

- Kennurum verði veitt svigrúm til að auka menntun sína m.a. með því að taka tillit til sérþarfa við töflugerð hverju sinni. **Nokkrir kennara eru í háskólanámi þar sem þeir bæta við sig menntun og hefur verið tekið tillit til þess í töflugerð.**
- Fræðsluferð verði fyrir starfsmenn skólans til Edinborgar á haustönn 2010. **Var farin.**
- Fræðslufundur um geðræn vandamál verði haldinn fyrir starfsmenn á vorönn 2011. **Fór ekki fram. Búið var að panta fyrirlesara en hann mætti ekki.**
- Í lok annar verði lögð fyrir viðhorfskönnun þar sem nemendur geta metið fjölmarga þætti kennslunnar. **Framkvæmt.**
- Skólameistari heimsæki og sitji í kennslutíma hjá öllum kennurum einu sinni, á vorönn 2011. **Var framkvæmt.**
- Úttekt verði á einni námsgrein á önn með það í huga að skoða innihald, aðferðarfræði kennslunnar og námsmat. **Þetta var framkvæmt og varð kennsla í viðskiptagreinum fyrir valinu. Hægt er sjá nánar um þessa úttekt í sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir skólaárið 2010-2011 sem birt er á heimasíðu.**

#### 4. Stjórnun

##### Meginmarkmið

- Fjölbrautaskólinn í Garðabæ skal leitast við að hafa í þjónustu sinni sem hæfast starfsfólk á hverjum tíma. Hjá FG eiga konur og karlar að standa jöfn að vígi hvað varðar vinnuaðstöðu, möguleika til sí- og endurmenntunar og starfskjör.
- Einelti og kynferðisleg áreitni er ekki liðin í FG.
- FG er stjórnað í anda þeirrar meginstefnu að veita öllum starfsmönnum, í samræmi við hæfni þeirra og eðli starfsins, virka hlutdeild í stjórnun skólans og ákvörðunum. Stuðla skal að góðum og nútímalegum stjórnunarháttum, sem m.a. felast í jákvæðu viðhorfi til samstarfsmanna og virku upplýsingastreymi.
- Stjórnendum ber jafnan að hafa samráð við starfsmenn um málefni vinnustaðarins er þá varða og beita sér fyrir sem víðtækastri sátt um þau.
- Ákvörðunarvald og ábyrgð stjórnenda gagnvart starfsmönnum skal vera vel skilgreint og starfsmönnum ljós.
- Markmið umhverfisstefnu skólans er að ávallt sé sýnd árvekni í umhverfismálum og frumkvæði að umbótum.

##### Deilimarkmið



- Opinn fundur verði haldinn með nemendum skólans á hverri önn. **Fundirnar hafa farið fram og eru fundargerðir birtar á heimasíðu.**
- Stuðningsráð undir stjórn skólameistara afgreiði eineltismál sem upp kunna að koma samkvæmt sérstakri viðbragðsáætlun. **Er reynt. Þó eineltisáætlun hjálpi er ljóst að í sumum tilfellum getur verið erfitt að leysa slík mál.**
- Samráðsfundir með skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, verkefnisstjóra, námsráðgjöfum og tveimur fulltrúum kennslutjóra verði haldinn vikulega. **Þessir fundir fara fram.**
- Haldnir verði kennslustjórafundir hálfsmánaðarlega undir stjórn verkefnisstjóra. **Þessir fundir fara fram.**
- Kennarafundir verði haldnir samkvæmt lögum. **Þessir fundir fara fram og gott betur.**
- Helstu verkefni/viðburðir vikunnar verði send til allra starfsmanna í tölvupósti í upphafi hverrar viku. **Er gert.**
- Kennarar fari í viðtal til skólameistara á hverri haustönn og fari yfir viðhorfskönnun nemenda. **Þetta er gert, á vorönn er opnað fyrir könnunina og kennarar geta kynnt sér sjálfir niðurstöðuna.**
- Upplýsingar um verkaskiptingu megi finna á heimasíðu skólans undir skipurit. **Er gert.**
- Einu sinni á önn fari allir nemendur skólans út með sínum umsjónarkennara og hreinsi lóð skólans. **Var gert á vorönn 2011 en ekki á haustönn 2011.**

## 5. Fjármál, rekstur, aðbúnaður

### Meginmarkmið

- Að skólinn haldi sér innan ramma fjárlaga. Búnaður sé fyrsta flokks og aðstaða til kennslu jafnist á við það besta sem þekkist.
- Unnið er við undirbúning að viðbyggingu skólans fyrir list- og verkgreinakennslu og kennslu á starfsbraut.
- Skólinn kaupir eins fullkominn tölvubúnað og kostur er samkvæmt tillögum tölvu- og tækjanefndar skólans.

### Deilimarkmið

- Gerð sé nákvæm fjárhagsáætlun sem geti á hverjum tíma sagt til um hvort skólinn sé rekinn innan ramma fjárlaga. **Skólinn fór fljótlega fram úr fjárhagsáætlun. Komu til tvær meginástæður. Skólinn tók að sér fleiri nemendur en gert var ráð fyrir á fjárlögum. Samið var um launahækkanir. Skólinn fékk launahækkanir bættar og talsvert var greitt fyrir umframnemendur. Heildarniðurstaða skólans var tvær milljónir í plús í lok árs. Það var jákvætt en athuga þarf að launakostnaður var meiri en gert var ráð fyrir þó tekið sé tillit til launahækkana og aukins nemendafjölda.**
- Nýting í hópum verði ekki minni en 98% í upphafi annar. **Á báðum önnum var nýting yfir 98% í upphafi annar.**



- Skólameistari, aðstoðarskólameistari, skrifstofustjóri og fjármálastjóri haldi samráðsfundi vikulega þar sem farið er yfir alla rekstrarlega þætti. **Pessar fundir hafa farið fram en ekki í hverri viku.**
- Starfandi sé tölvu- og tækjanefnd sem geri áætlun um kaup á búnaði sem miðast við fjárveitingar hverju sinni. **Nefndin starfar en lítið fé er til tækjakaupa.**
- Kennslustjórar geri áætlun um endurnýjun kennslubúnaðar sem miði við fjárveitingar hverju sinni. **Ekki mjög virkt og þyrfti að skoða. Fjárbörf deilda er mjög mismunandi og má segja að þær deildir sem velta mestu reyni að hafa áætlanir um nauðsynleg tækjakaup. Þó fara flestar slíkar ákvarðanir beint til skólameistara.**
- Þörfum á viðbótarhúsnæði verði haldið á lofti við hvert tækifæri sem gefst. **Má alltaf gera betur.**

## 6. Samstarf við aðra

### Meginmarkmið

- Halda góðu samstarfi við Garðaskóla, Sjálandsskóla og Álftanesskóla með sveigjanleika og flæði milli skólastiga að leiðarljósi.
- Stofna til samstarfs við Hofstaðaskóla og Garðabæ með hreinsun og rannsóknir á lífríki Arnarneslækjar í huga.
- Virk þátttaka í starfi fagfélaga, svo sem félag einstakra kennslugreina, Félag stjórnenda og Félag íslenskra framhaldsskóla.
- Vera virkt afl í menningarlífi Garðabæjar og Bessastaðahrepps.
- Vera í samstarfi við ýmsar stofnanir, fyrirtæki og félag í nærumhverfinu.
- Kynna starf skólans útávið.

### Deilimarkmið

- Skólinn bjóði kennurum Garðaskóla, Sjálandsskóla og Álftanesskóla til umræðufundar í FG a.m.k. einu sinni á skólaári. **Fundað var tvisvar með stjórnendum Garðaskóla á árinu. Það var niðurstaða fundanna að nóg væri að funda annað hvert ár með grunnskólunum á okkar svæði. Næsti fundur verður boðaður á vorönn 2012.**
- Skrifað verði undir samning milli Hofstaðaskóla, Garðabæjar og FG um fóstrun Arnarneslækjar sem felir í sér hreinsun og könnun á lífríki lækjarins. **Þetta var gert.**
- Sóttir verði fundir og námskeið á vegum FS og FÍF sem bjóðast og tengslanetið virkjað. **FG stóð ásamt Flensborg fyrir námskeiði FÍF á árinu 2012. Fjórir fulltrúar FG voru á námskeiðinu. Þrír fulltrúar FG voru á námskeiði FS í Boston á árinu.**
- Kennarar sækja námskeið á vegum fagfélaga. **Kennara voru hvattir til þátttöku. Sérstakt skjal hefur verið þróað til að halda utan um endurmenntun.**
- Söngleikur verði settur upp á vorönn og almenningi gefinn kostur á að sjá hann. **Söngleikurinn Lyngmóar 3, var settur upp.**



- Nemendur listnámsbrautar setji upp listsýningu á hverri vorönn. **Nemendur í lokaáfangi í myndlist settu upp sýningu í Borgarbókasafninu. Nemendur í lokaáfangi í textíl settu upp sýningu í turninum í Kópavogi.**
- Skólahúsnæðið nýtist til tónleikahalds og menningarviðburða í bænum. **Jass-tónleikar voru á vegum skólans á árinu, ennfremur hélt Menningarnefnd Garðabæjar jass-tónleika á árinu. Gospelkór Jóns Vídalíns hélt tvönnu tónleika á árinu í skólanum.**
- Íbúum Garðabæjar og Álftaness skal reglulega bent á að húsnæði skólans gefi mikla möguleika á starfsemi af ýmsu tagi fyrir utan hefðbundinn skólatíma. **Sjá hér að ofan.**
- Skólinn sé samstarfsaðili Vídalínskirkju um Gospelkór Jóns Vídalíns og fær kórinn til að syngja við ýmis tækifæri. **Sjá hér að ofan.**
- Aukið verði samstarf við ýmsar stofnanir í bænum í tengslum við sjálfbóðaliðsstarf t.d. deild Rauða krossins í Garðabæ, Dvalarheimili aldraðra o.fl. **Þetta samstarf er í gangi. Nemendur geta fengið einingu fyrir sjálfbóðaliðastarf og fengu 10 nemendur einingu fyrir slíkt á vorönn, 6 á haustönn.**
- Opið hús verði í skólanum á vorönn með tilheyrandi kynningu á starfi skólans. **Opið hús var 22. febrúar 2011.**



## 2 Starfsemi á árinu 2011

Starfsemin hófst árið 2011 með kennarafundi og afhendingu stundaskrár þann 4. janúar. Kennsla hófst samkvæmt stundaskrá 5. janúar. Í lok janúar voru nemendur 881. Þar af voru 165 í fjarnámi og 36 á leikskólabrú. Vorannarpróf voru frá 2. – 17. maí.

Námsframboð skólans er í megindráttum tengt við þessar námsbrautir: Félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut og viðskipta- og hagfræðibraut til stúdentsprófs. Þriggja ára listnámsbraut með möguleika á framhaldi til stúdentsprófs. Á listnámsbraut er um fjögur mismunandi kjörsvið að ræða: leiklist (frá hausti 2009), myndlist, textíl og tónlist. Ef um tónlistarkjörsvið er að ræða þá fer tónlistarnámið ekki fram á vegum FG. Einnig er boðið upp á nám starfsnámsbraut – íþróttabraut með framhaldi til stúdentsprófs. Loks er boðið upp á almenna braut sem er einkum hugsuð fyrir þá sem eru óákveðnir, þá sem þurfa aukinn undirbúning fyrir aðrar brautir og einnig fyrir þá sem vilja skipuleggja stutt nám í samræði við skólann. Þá býður skólinn upp á svokallað HG-nám fyrir nemendur með mjög góðar einkunnir úr 10. bekk grunnskóla. HG-námið er rekið undir kjörorðunum hópur-hraði-gæði. Markmiðið er að bjóða nemendum upp á námstilboð sem henta þeim vel. Unnið er að námskrárbreytingum og verður fjallað sérstaklega um þær síðar.

Skólinn býður einnig upp á fjarnám. Þetta er góð leið fyrir þá sem ekki geta sótt skóla daglega. Fjarnám er hugsað fyrir fólk á öllum aldri. Vegna breyttra aðstæðna í samfélaginu varð þó að draga úr framboði í fjarnámi á haustönn 2009. Því er fjarnámið ekki stórt í sniðum og eru á hverri önn 50-60 nemendaígildi í fjarnámi. Búast má við að fjarnámið verði svipað að umfangi að óbreyttum fjölda ársnemenda.

Starfsbraut hefur verið starfrækt við skólann síðan 1998. Sem fyrr var kennsla skipulögð með hliðsjón af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir starfsbrautir framhaldsskóla. Einnig var komið til móts við óskir nemenda og foreldra og stuðlað að því að gera nemendum kleift að nýta sér einhverja af þeim áföngum sem skólinn hefur í boði. Á vorönninni voru 11 nemendur. Námskrá brautarinnar er í stöðugri endurskoðun. Endurskoðun námskrár starfsbrautar er í fullum gangi samkvæmt Lögum um framhaldsskóla frá árinu 2008 og hefur verið unnið að skilgreiningum á innihaldi áfanga og áfangalýsingum á önninni. Ákveðnir áfangar voru byggðir upp og raðað eftir önnnum svo ljóst megi vera hvenær eigi að kenna hvað. Námskráin er svo endurskoðuð á hverju ári. Hana má skoða á heimasíðu skólans.

Á skólaárinu bauð skólinn upp á kennslu á Leikskólabrú FG. Leikskólabrú er námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum. Heldur hefur dregið úr aðsókn og er útlit fyrir að búið sé að fullnægja eftirspurn á svæðinu eftir slíkri kennslu. Á vorönn voru 36 nemendur á leikskólabraut en aðeins 27 á haustönn. Skólinn er byrjaður að þreifa fyrir sér með að bjóða stuðningsfulltrúum í grunnskólum upp á samsvarandi nám.





Brautskráning og skólaslit voru 21. maí og brautskráðust þá 77 nemendur. Nýstúdentar voru 71, 2 nemendur var af starfsbraut, og 3 nemendur brautskráðust af námsbraut fyrir leikskólaliða og einn nemandi af listnámsbraut.

Innritun á haustönn gekk vel en vísa þurfti frá miklum fjölda nemenda. Þó var öllum nemendum úr Garðabæ og Álftanesi sem sóttu um tryggð skólavist. Í heild sóttu 190 nemandi um FG í fyrsta vali og 273 í öðru vali. Af þessum fjölda voru 178 nemendur innritaðir. Áformað var að taka inn 150 nemendur en vegna skorts á plássum sunnan Reykjavíkur var skólinn beðinn um að taka 28 nemendur til viðbótar og var orðið við þeim óskum.

Skólaárið 2011 – 2012 hófst 17. ágúst. Töflur voru afhentar 22. ágúst og var sú nýjung reynd að boða aðeins nýnema í skólann en aðrir fengu töflur á skrifstofu eða á netinu. Þessi tilraun þótti takast vel. Skólinn var settur 23. ágúst og hófst kennsla sama dag. Innritaðir nemendur í dagskóla voru 735 og hafa aldrei verið fleiri, 127 nemendur eingöngu í fjarnámi og 27 á leikskólalabru. Að öðru leyti var starfsemi skólans með hefðbundnu sniði á haustönn. Haustannarpróf stóðu yfir frá 1. – 14. desember. Heildarárangur var góður. Margir nemendur náðu mörgum einingum með frábærum einkunnum. Sem fyrr var mörgum nemendum með slæma skólasókn vísað frá við innritun næstu annar og nokkrir fengu að undirrita samninga um bættu skólasókn.

Samkvæmt talningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins voru nemendaígildi ársins 785.

Brautskráning fór fram 17. desember og brautskráðust þá 85 nemendur. Þar af 73 með stúdentspróf. Þeir skiptust þannig á brautir: 58 af bóknámsbrautum og 14 af íþróttabraut og listnámsbrautum með viðbótarnámi og einn með viðbótarnám til stúdentsprófs að loknu iðnnámi. Af þessum nýstúdentum eru 7 að útskrifast af tveimur brautum. 10 nemendur luku námi af námsbraut fyrir leikskólaliða, einn nemandi útskrifaðist af listnámsbraut og einn nemandi útskrifaðist með lokapróf frá FG.

Að lokinni brautskráningu á haustönn 2011 hafa 2.392 stúdentar verið brautskráðir frá skólanum, 17 nemendur af fjögurra ára starfsbraut og 126 nemendur með lokapróf af öðrum brautum.

## 2.i Fjármál

Fjármál skólans voru talsvert í brennidepli sem endranær. Skólameistari var kallaður á fund í ráðuneytinu til að útskýra slæma stöðu skólans. Þetta var að talsverðu leyti á misskilningi byggt þar sem ekki hafði verið lesin inn rétt rekstraráætlun. Heildarniðurstaða var jákvæð um tvær milljónir og má sjá rekstraryfirlit fyrir árið 2011 í fylgiskjali 1. Lausafjárstaða er góð en í janúar greiddi skólinn 23 milljónir til ríkissjóðs þar sem greiðslustaða við ríkissjóð er neikvæð. Ef rekstraryfirlit fyrir árið 2011 er skoðar vekur það sérstaka athygli að framlag ríkissjóð til skólans eru tæpar 510 milljónir, laun og fasteignakostnaður er samanlagt rúmar 518 milljónir. Það vantar því rúmar 8 milljónir til að framlag ríkissjóðs dugi fyrir þessum



tveimur liðum. Þá á eftir að taka tillit til alls annars rekstrakostnaðar ásamt eignakaupum. Það kemur því ekki á óvart að þröngt sé í búi hjá skólanum og upp safnist skuld við ríkissjóð.

Það sem hefur hleypt skólanum í gegnum þessa erfiðu tíma er þær tekjur sem skólinn hefur fengið með fjarnámi og styrkveitingum.

Í fylgiskjali tvö er fjárhagsáætlun ársins 2012. Eins og fram kom hér að ofan var niðurstaða ársins 2011 jákvæð um tvær milljónir og er því höfustólsstaðan jákvæð um fjórar milljónir í árslok 2011. Samkvæmt rekstraráætlun sem hefur verið samþykkt af ráðuneytinu verður niðurstaðan neikvæð um þrjár milljónir í árslok 2012 eða um 0,6%. Í þeirri áætlun var gert ráð fyrir verri afkomu á árinu 2011 en raun varð á. Rekstraráætlunin gerir ráð fyrir styrk upp á tíu milljónir til að vinna að námskrárbreytingum. Ef sá styrkur fæst ekki er hætt við að niðurstaðan verði verri en áætlanir gera ráð fyrir.

Mikils aðhalds er gætt í rekstri skólans eins og glögglega má sjá af rekstraryfirliti. Skólinn er undir áætlunum í innkaupum en yfir á launum og fasteignakostnaði. Minna var eytt í eignakaup en áætlanir gerðu ráð fyrir og er ljóst að hætta er á að skólinn dragist aftur úr í upplýsingatækni ef ekki verður hægt að setja meira fé í slíkt á komandi árum.

### 2.iii Húsnæðismál

Fyrsti byggingaráfangi skólans var tekinn í notkun haustið 1997. Annar byggingaráfangi ári síðar og haustið 2001 var lokaáfanginn tilbúinn. Þá fékk skólinn til afnota hátíðarsal sem var formlega vígður 10. október 2001. Enn fremur fékk skólinn nýtt mötuneyti og setustofu fyrir nemendur. Skólinn var þá alls orðinn 5.685 m<sup>2</sup>. Hátíðarsalurinn fékk nafnið Urðarbrunnur í almennri samkeppni sem skólanefnd FG stóð fyrir. Urðarbrunnur er hugsaður sem samkomusalur skólans og bæjarfélaganna tveggja, Garðabæjar og Álftaness.

Á árinu 2003 hófust framkvæmdir við byggingu íþróttahúss á milli skólanna tveggja FG og Hofstaðaskóla. Garðabær byggði íþróttahúsið og var það tekið í notkun haustið 2004.

Undirbúningur fyrir viðbyggingu húsnæðis fyrir list- og verknám hófst á árinu 2002 og hélt áfram á árinu 2003. Menntamálaráðherra ásamt bæjarstjórunum í Garðabæ og Álftanesi komu í skólann 26. apríl 2007 og skrifuðu undir samning um 1.000 fermetra viðbyggingu við austurálm 3. hæðar hússins. Fjármálaráðherra hefur staðfest samninginn. Byggingarnefnd tók síðan til starfa við allan undirbúning. Viðbyggingin er fyrst og fremst ætluð til að bæta aðstöðu fyrir listnámsbraut, starfsbraut og verknám og fjölga venjulegum kennslustofum fyrir bóknám. Arkitektarnir Einar Ingimarsson og Pálmar Ólason voru ráðnir til að koma með fyrstu tillögum að gerð viðbyggingarinnar. Í fyrstu drögum þeirra kom fram að 1.221m<sup>2</sup> þarf fyrir lágmarksaðstöðu fyrir kennslu í myndlist, fata- og textílgreinum og smíði, auk 230m<sup>2</sup> tæknirýmis og geymsluherbergja í gluggalausum og niðurgröfnum bakrými. Ákveðnar reglur gilda um stærðir, m.a. í vélasal fyrir smíði.



Byggingarnefnd óskaði efir leyfi fyrir þessari stækkun og er beiðnin til umfjöllunar í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Vegna vandræða í íslensku efnahagslífi hefur ekki fengist fé til að hefja framkvæmdir. Ekki hefur heldur fengist samþykki fyrir stækkun fyrirhugaðrar viðbyggingar. Fundað var með ráðherra í maí 2010 og kom þar fram að viðbygging FG væri ekki á áætlun fyrir árið 2011. Það er von skólans að sem fyrst fáist fé til framkvæmda þar sem aðstaða fyrir list- og verknám, sem og starfsbraut er ekki boðleg við núverandi aðstæður. Við má bæta að námsframboð skólans er mjög fjölbreytt og er ekki vafi á að ef hægt væri að fjölga í skólanum sem nemur 100-150 nemendur væri rekstur skólans talsvert auðveldari.

## 2iv Stjórnun

Á árinu 2011 voru eftirtaldir starfsmenn í stjórnunarstöðum í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ:

- Kristinn Þorsteinsson, skólameistari (frá 1. ágúst 2010)
- Elísabet Siemsen, aðstoðarskólameistari (frá 1. ágúst 2010)
- Snjólaug Bjarnadóttir, áfangastjóri (frá 1. ágúst 2010)
- Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri (frá 1. ágúst 2010)
- Ágústa H. Axelsdóttir, kennslustjóri í ensku
- Brynja Baldursdóttir, kennslustjóri í íslensku
- Guðbjörg Guðjónsdóttir, kennslustjóri í raungreinum
- Guðmundur S. Gíslason, kennslustjóri samfélagsgreina
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir, kennslustjóri starfsbrautar
- Sigríður Sigurðardóttir, kennslustjóri í list- og verkgreinum
- Petrún B. Jónsdóttir, kennslustjóri í íþróttum
- Sigrún Fjóla Hilmarsdóttir, kennslustjóri leikskólabrautar (frá 1. mars 2011)
- Snædís Snæbjörnsdóttir, kennslustjóri í erlendum málum öðrum en ensku
- Svavar B. Jónsson, kennslustjóri fjarnáms
- Þórunn B. Jónsdóttir, kennslustjóri í stærðfræði (í leyfi skólaárið 2010 – 2011, Harpa Rúnarsdóttir leysir hana af)
- Anna G. Hugadóttir, námsráðgjafi
- Unnur Símonardóttir, námsráðgjafi
- Guðmundur S. Gíslason, félagsráðunautur (til 1. ágúst 2011)
- Tinna Arnardóttir félagsráðunautur (frá 1. ágúst 2011)
- Petrún B. Jónsdóttir, forvarnafulltrúi
- Guðmundur Eiríksson, kerfisstjóri
- Guðný Guðnadóttir, forstöðumaður bókasafns
- Jónína Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri
- Sigrún Jósefsdóttir, fjármálastjóri
- Sigurður Pálsson, húsvörður



#### Í skólanefnd sátu árið 2011:

- Ingibjörg Lind Karlsdóttir, formaður
- Halldór S. Magnússon, varaformaður
- Halldóra G. Matthíasdóttir
- Jónína A. Sanders
- Þórður Ingason
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi kennara á vorönn
- Ása Lind Finnbogadóttir, áheyrnarfulltrúi kennara á haustönn
- Þorkell Einarsson, áheyrnarfulltrúi nemenda á vorönn
- Stefán Snær Stefánsson, áheyrnarfulltrúi nemenda á haustönn

#### Í skólaráði sátu á vorönn 2011:

- Kristinn Þorsteinsson, skólameistari
- Elísabet Siemsen, aðstoðarskólameistari
- Snjólaug Bjarnadóttir, áfangastjóri
- Margrét Kolka Haraldsdóttir, fulltrúi kennara
- Svavar Bragi Jónsson, fulltrúi kennara
- Anna G. Hugadóttir, námsráðgjafi
- Birna María Baaregaard, námsráðgjafi
- Guðmundur S. Gíslason, félagsráðunautur
- Petrún B. Jónsdóttir, forvarnafulltrúi
- Þorkell Einarsson, fulltrúi nemenda
- Guðlaugur G. Eyþórsson, fulltrúi nemenda

#### Í skólaráði sátu á haustönn 2011:

- Kristinn Þorsteinsson, skólameistari
- Elísabet Siemsen, aðstoðarskólameistari
- Snjólaug Bjarnadóttir, áfangastjóri
- Margrét Kolka Haraldsdóttir, fulltrúi kennara
- Svavar Bragi Jónsson, fulltrúi kennara
- Anna G. Hugadóttir, námsráðgjafi
- Umur Símonardóttir, námsráðgjafi
- Guðmundur S. Gíslason, félagsráðunautur
- Petrún B. Jónsdóttir, forvarnafulltrúi
- Stefán Snær Stefánsson, fulltrúi nemenda
- Ísak Einar Rúnarsson, fulltrúi nemenda

## 2v Starfslýsingar í FG



- [Starfslýsingar](#) allra starfsmanna eru birtar á heimasíðu skólans.

## 2vi Forvarnastarf í FG

Skólinn hefur unnið að sérstöku átaki í forvörnum. Í janúar 1998 var ráðinn forvarnafulltrúi við skólann í hlutastarf. Hann er í forsvari fyrir stefnumörkun og framkvæmd forvarna í skólanum. Miðað er að því að forvarnir, í víðtækum skilningi þess orðs, séu hluti af daglegu starfi skólans. Skólinn hefur skriflega stefnu í forvarnamálum og forvarnateymi/áfallateymi. Meginviðfangsefni forvarnafulltrúa er að koma á sem öflugustu forvarnastarfi m.a. með því að sameina þá aðila sem að uppeldi ungmenna koma. Þar er átt við foreldra, skólayfirvöld, umsjónarkennara, skólaheilsugæslu, námsráðgjafa o.fl. Forvarnafulltrúi skólans á árinu 2011 var Petrún B. Jónsdóttir.

Stefna skólans í [forvörnum](#) er birt á heimasíðu skólans.

Á árinu var talsverð endurnýjun í foreldraráði FG. Ráðið fundaði reglulega á árinu 2011 og hefur staðið fyrir tveimur fundum með foreldrum.

## 2vii Þróunarverkefni

- Tveir kennarar skólans fengu styrk frá Sprotasjóði til að þróa Hönnunar- og markaðsbraut við Fjölbrautaskólann í Garðabæ. Styrkurinn var veittur árið 2010 en verkefnið hófst árið 2009. Styrkupp hæðin var 1.700.000 krónur og skal lokagreiðsla berast eftir að lokaskýrslu er skilað. Áfangaskýrslu hefur þegar verið skilað.
- Sömu kennarar fengu framhaldsstyrk til að vinna að sama verkefni að upphæð 1.000.000 krónur. Skal skila áfangaskýrslu 15. desember og hefur henni þegar verið skilað. Lokaskýrslu skal skilað fyrir 15. desember 2011 og hefur henni verið skilað.
- Skólinn fékk styrk frá vekefnasjóði skólasamninga. Heiti verkefnisins er Þróun nýrrar námsbrautar til framhaldsskólaprófs (90-120 fein). Verkefnið stendur yfir skólaárið 2010 – 2011 og hefur lokaskýrslu verið skilað.
- Sótt var um styrk til að klára námsbrautalýsingar og hefja tilraunakennslu haustið 2011. Skólinn fékk vilyrði fyrir 10 milljóna styrk og gefin kostur á að sækja um viðbótarstyrk fyrir árið 2012. Skilað var skýrslu í desember 2011 og styrkurinn greiddur í sama mánuði.



### 3 Skólanámskrá FG

Skólanámskrá FG er birt í [Námsvísi](#) á vef Fjölbrautaskólans í Garðabæ ([www.fg.is](http://www.fg.is)). Námsvísir er endurskoðaður annað hvert ár og kom ný útgáfa í júní 2009. Ritstjóri er Elísabet Siemsen, aðstoðarskólameistari. Í samræmi við ný lög um framhaldsskóla er nú unnið að gerð nýrrar skólanámskrár. Ekki er ljóst á þessu stigi hvenær tekin verður upp ný námskrá en það getur haft áhrif á hvenær námsvísir verður endurnýjaður næst. Meira um það hér á eftir.

Námsvísir Fjölbrautaskólans í Garðabæ var síðast prentaður haustið 2000 og var það í áttunda og ef til vill í síðasta sinn sem FG gefur út prentaðan námsvísi.

Skólanámskrá endurspeglar það sem fram fer og stefnt er að í skólastarfi. Til þess að ná því markmiði er nauðsynlegt að þeir, sem skólastarfið snýst um, séu með í ráðum. Kennarar einstakra námsgreina þurfa að hafa töluvert svigrúm til að setja saman áfanganámskrár. Forvarnafulltrúi þarf að vera leiðandi í stefnumörkun og framkvæmd forvarnastarfsins. Sjónarmið nemenda þurfa að fá hljómgrunn í öllum þáttum skólastarfsins.

Skólanámskráin þarf að vera í stöðugri endurskoðun til þess að hún sé raunhæf og gagnleg lýsing á skólastarfinu. Námsvísir FG var síðast settur á vefinn í apríl 2009.

Unnið er að nýrri skólanámskrá samhliða námskrárbreytingum. Starfandi er ritnefnd skólanámskrár og er áætlað að ný skólanámskrá verði að fullu tilbúin vorið 2013.

#### 3i Námskrárbreytingar í FG

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ hóf vinnu vegna breytinga á námskrá árið 2009. Í upphafi var miðað við að hafa skólann með þriggja ára stúdentsbrautum. Þá var miðað við að hefja kennslu eftir nýju fyrirkomulagi haustið 2011. Deildir skólans unnu að málinu undir stjórn kennslustjóra. Árið 2010 var frestur til að taka upp nýja skólanámskrá færður til haustsins 2015. Umræður fóru þá af stað innan skólans um hvort rétt væri að halda áfram. Sú ákvörðun var tekin að það væri mikilvægt að halda áfram ekki síst vegna þess að hætta var talin á því að skólafólk eins og margir aðrir í samfélaginu gæti dottið ofan í krepputal. Frjó umræða um skólamál er öllum skólum mikilvæg og forsenda framfara í skólakerfinu. Við trúum því að hægt sé að gera góðan skóla betri. Að kennarar og skólastjórnendur séu best til þess fallnir til að vinna að breytingum á skólum landsins.

Haustið 2010 var ráðinn verkefnastjóri til að stjórna vinnu við breytingu á námskrá. Verkefnastjóri kynnti sér ný framhaldsskólalög ásamt drögum að aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla og miðlaði til kennslustjóra. Kennslustjórar ásamt kennurum í deildum unnu síðan að tillögum að nýrri skólanámskrá.

Í nýrri námskrá skólans er miðað við gamla einingakerfið og að framhaldsskólabraut verði 70 einingar og stúdentspróf 140 einingar. Þessi leið var farin þar sem ekki er búið að semja við KÍ um breyttan vinnutíma kennara. Mikilvægara er að okkar mati að halda starfinu áfram heldur en að bíða eftir samningi um vinnutímaskilgreiningu kennara. Þær brautir sem verður



boðið upp á til stúdentsprófs verða félagsvísindabraut, náttúrufræðibraut með tækni-, heilsufræði- og umhverfislínum, alþjóðabraut með viðskipta-, menningar- og alþjóðasamskiptalínum, viðskipta- og hagfræðibraut, hönnunar- og markaðsbraut, íþróttabraut og listnámsbraut með fata- og textíl-, myndlistar- og leiklistarlínum.

Jafnframt verður boðið upp á styttri útgáfu af öllum brautum svo og framhaldsskólabraut. Með þessu námsframboði vonumst við til að geta komið til móts við þarfir sem flestra nemenda.

Eins og áður hefur komið fram fékkst styrkur til að vinna að námskrármálum og er stefnt að því að hefja kennslu eftir nýrri námskrá haustið 2012. Á árinu var unnið ötullega að gerð brauta- og áfangalýsinga. Ekki tókst að ljúka því verki fyrir áramót en lokið var við áfangalýsingar flestra brauta strax upp úr áramótum. Byrjað var að tilraunakenna tvær brautir á haustönn 2011, félags- og hugvísindabraut og hönnunar- og markaðsbraut.



#### 4 Sjálfsmat í FG

Kveðið er á um í skólasamningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Fjölbrautaskólann í Garðabæ að sjálfsmat sé hluti af lögbundinni starfsemi skólans.

Sjálfsmat er ein leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Sjálfsmat skóla er markmiðstengt og á að draga fram sterkar og veikar hliðar skólans. Megintilgangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og þau markmið sem skólarnir hafa sett fram í skólanámskrám. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir umbætur.

Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. Sjálfsmat er ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur þarf það stöðugt að vera í gangi. Það er langtímamiðað en ekki einangruð aðgerð. Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf m.a. að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu skóla komi fram tillögur um úrbætur.

Í lögum um framhaldsskóla eru skýr ákvæði um að skólar skuli innleiða sjálfsmat í þeim tilgangi að leggja mat á starfsemi sína. Samkvæmt lögnum er skólum í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmatið. Í lögnum eru einnig ákvæði um að á fimm ára fresti skuli fara fram úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota. Sjálfsmatsskýrsla FG er birt á heimasíðu skólans ([www.fg.is](http://www.fg.is)).

#### **Viðmið fyrir sjálfsmat**

Þau atriði sem mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur til grundvallar sem viðmið fyrir sjálfsmatsaðferðir eru eftirfarandi:

**Formlegt.** Lýsing á aðferðum við sjálfsmat þarf að liggja fyrir í sjálfsmatsskýrslu, skólanámskrá og hugsanlega í fleiri skriflegum gögnum frá skólanum. Fram þarf að koma hvort um er að ræða viðurkennda sjálfsmatsaðferð eða samsetta og aðlagaða aðferð. Gera þarf grein fyrir hvernig að sjálfsmatinu er staðið í heild. Í lýsingunni þarf að koma fram hverjir stjórnar verkinu, hverjir vinna það og til hverra það nær.

**Altækt.** Sjálfsmatið skal ná til allra helstu þátta skólastarfsins, þ.e. markmiða, stjórnunar, náms, kennslu, námsmats, nemenda, starfsfólks, aðbúnaðar og ytri tengsla. Ekki er þó gert ráð fyrir að skólar geti tekið jafn ítarlega á öllum þáttum á hverju ári.

**Áreiðanlegt.** Mikilvægt er að sjálfsmatið byggi á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Gögn úr bókhaldi skólans, t.d. námsferilsskrá og fjarvistaskrá, þurfa að vera





tiltæk. Skólar geta þó ekki í öllum tilvikum byggt á tölulegum gögnum en þurfa þá að meta starf sitt með öðrum hætti, eins og með viðhorfakönnunum meðal ólíkra hópa s.s. nemenda, starfsfólks, foreldra, viðtökuskóla, almennings, atvinnulífs og brautskráðra nemenda.

**Samstarfsmiðað.** Allt starfsfólk þarf með einum eða öðrum hætti að koma að vinnu við sjálfsmatið. Við skipulagningu og undirbúning sjálfsmatsins þarf að kynna öllum starfsmönnum umfang verkefnisins. Jafnframt þarf að nást sátt um framkvæmd þess. Verkaskipting þarf að vera skýr og sömuleiðis stjórnun og ábyrgð. Á þessu stigi þarf að hafa í huga þátttöku nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila í sjálfsmatinu.

**Umbótamiðað.** Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta aðgerða- og starfsáætlun um þær umbætur í skólastarfinu sem vinna þarf að í kjölfar sjálfsmats. Einnig þarf að birta upplýsingar um hvernig markmiðum umbótaáætlunar verði náð. Viðmið um hvað bættur árangur felur í sér þurfa að vera skilgreind.

**Árangursmiðað.** Skólinn skal vinna að því að meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð og hvaða árangri skólastarfið hefur skilað út frá viðmiðum sem hann hefur sett sér. Þetta geta t.d. verið viðmið um námsárangur, vellíðan, umgengni, fjarvistir og brottfall.

**Stofnana- og einstaklingsmiðað.** Sjálfsmatið þarf að beinast bæði að stofnuninni sjálfri og einstaklingum innan hennar. Sem dæmi um þetta má nefna mat á frammistöðu skólans í marktækum samburði við aðra, t.d. í mælanlegum virðisauka í námsmati og í mati á stjórnun og kennslu.

**Lýsandi.** Í sjálfsmatsskýrslu þarf að vera stutt hnitmiðuð lýsing (texti, myndir, töflur) á starfsemi skólans. Lýsingin þarf að hafa tengsl við markmiðssetningu.

**Greinandi.** Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta styrk- og veikleikagreiningu sem sett er fram kerfisbundið við hvern þátt matsins og birt í samantekt í lokin.

**Opinbert.** Fyrirfram þarf að ákveða hverjir hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins en sjálfsmatsskýrslu þarf að birta opinberlega. Hér þarf að tryggja að haldin séu í heiðri ákvæði gildandi laga, m.a. um meðferð persónuupplýsinga.

Á árinu 2011 var sjálfsmatið sem fyrr fastur hluti skólastarfsins. Allmargir matsþættir hafa skapað sér fastan sess, eru ýmist metnir árlega eða einu sinni á önn. Enn aðrir eru í stöðugu matsferli enda beina þeir sjónum sínum að þáttum eins og líðan starfsmanna, öryggi á vinnustað og forvarnamálum. Sjálfsmat í FG er sett upp í yfirlitstöflu (fylgiskjal 3). Sjá má hve fjölbreytt sjálfsmatið er og að það nær til flestra þátta skólastarfsins hverju sinni. Matsþættir eru ólíkir, nálgun mats er ýmist meðal nemenda, starfsmanna eða kennslustjóra og annarra stjórnenda. Árið 2011 voru þessir þættir sérstaklega skoðaðir:

- Námsárangur er skoðaður sérstaklega eftir hverja önn. Kennslustjórar og kennarar skoða útkomu nemenda og bera einkunnir saman við fyrri annir. Einnig eru niðurstöður skoðaðar í tengslum við prófagerð, þ.e. ef samsetning prófa og fyrirgjöf



hefur verið breytt frá fyrri árum þá koma hér fram góðar vísbendingar um hvernig til hefur tekist.

- Kennslukönnun var framkvæmd í síðustu kennsluviku hvorrar annar. Niðurstöður eru skoðaðar af skólameistara og aðstoðarskólameistara og niðurstöður bornar saman við niðurstöður fyrri ára. Ánægjulegt er að kennarar skoruðu ekki síður hátt á árinu 2011 en fyrri ár. Kennarar fengu niðurstöður kennslukannanna hjá skólameistara eða aðstoðarskólameistara sem jafnframt notuðu tækifærið til að ræða einstök atriði könnunarinnar við kennara.
- Viðhorf nemenda hafa í gegnum árin verið skoðuð með mismunandi hætti. Eins og undanfarin ár voru haldnir opnir fundir einu sinni á önn þar sem nemendur hafa tækifæri til að koma með hugmyndir og tillögur á framfæri og þeir geta spurt stjórnendur og forystu nemendafélagsins um atriði sem þeim finnast brýn. Slíkir fundir segja mikið um „hvernig landið liggur“, hvort nemendur séu ánægðir með skólann sinn og hvort þeim líði vel svona almennt.
- Starfsmannasamtöl fóru ekki fram í apríl og eins og árið áður og skýrist það af því vinna við námskrá var svo viðamikil að ekki þótti mögulegt að auka álag á kennara. En eins og komið hefur fram fóru allir kennarar í viðtal við skólameistara eða aðstoðarskólameistara að aflokinni kennslukönnun og sérstakir starfsmannafundir með öðru starfsfólki voru haldnir þegar þurfa þótti.
- Í skólanum er starfandi öryggisnefnd sem hefur það hlutverk að sjá um öryggi og hollustuhætti á vinnustað. Nefndin kemur fram með tillögur um úrbætur ef þurfa þykir. Áhættumat er gert á 2-3 anna fresti.
- Forvarnamál. Forvarnafulltrúi stuðlar í starfi sínu að heilbrigðum lífsháttum nemenda með ýmsum hætti, m.a. með viðveru á dansleikjum og öðrum atburðum í félagslífi nemenda, svo og fræðslufundum fyrir nemendur, starfsmenn og forráðamenn nemenda. Forvarnafulltrúi hefur verið starfandi við skólann síðan í byrjun árs 1998.
- Kennsluáætlanir. Í fyrstu kennslustund hvorrar annar fá nemendur kennsluáætlun þar sem skipulag námsáfangans kemur fram ásamt fyrirkomulagi námsmats. Gerð kennsluáætlana er mikilvæg í skólastarfinu og lögð er áhersla á að kennsluáætlun er n.k. stýritæki. Allar kennsluáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans.
- Próf og prófagerð. Samning prófa, frágangur þeirra og framkvæmd prófanna sjálfra fylgja ákveðnu ferli sem unnið var fyrst eftir fyrir nokkrum árum. Það var ekki í alla staði auðvelt að koma inn nýjungum í þessum mikilvæga þætti skólastarfs, menn höfðu þróað með sér ýmsar útfærslur í prófagerð, útlit prófanna voru með mismunandi hætti o.s.frv. Markmið með því að samræma þennan þátt skólastarfsins er fyrst og fremst að auka gæðin, það besta frá hverjum og einum var skoðað og sett inn í verkferli svo og var útlit prófanna samræmt. Ávinningur af þessu starfi er þegar kominn í ljós, prófin eru góður vitnisburður um gæðastarf í skólanum og menn ganga að því vísu hvernig verkferlar eru.
- Endurmenntun kennara. Skólinn hefur lagt mikla áherslu á menntun kennara og haft það að leiðarljósi að ráða vel menntaða og hæfa kennara til starfa. Á árinu 2010 var hafist handa við að skrá markvisst endurmenntun kennara og samin sérstök endurmenntunaráætlun (birt á heimasíðu skólans). Kennarar eru hvattir til endurmenntunar.
- Umsjónarkerfið hefur verið eflt mjög síðustu ár og hefur megináherslan verið lögð á ut anumhald nýnema. Umsjónarkennarar þeirra kenna þeim lífsleikni á fyrstu önn og þannig myndast sterkari tengsl milli kennara og nemenda. Með þessu fyrirkomulagi



vonumst við til að styrkleiki, og um leið veikleiki, nemenda komi betur fram og þeir eigi greiðari aðgang að umsjónarkennurum sínum.

- Mörg undanfarin ár hefur verið lögð mikil áhersla á ástundun nemenda. Óyggjandi sannanir fyrir beinu sambandi milli mætinga og námsárangurs hafa lengi blasað við og hefur mikil vinna farið í að efla þá vitund í huga nemenda. Stjórnendur koma beint að þessum þætti skólastarfsins með því að taka ákveðna nemendur í „gjörgæslu“, hitta þá reglulega og reyna að hafa áhrif á að breyta hegðunarmunstri þeirra gagnvart ástundun í skólanum.
- Á vorönn 2011 var í fyrsta sinn tekin út sérstök námsgrein og hún skoðuð út frá eftirfarandi þáttum: kennsluháttum, árangri nemenda, menntun og undirbúningi kennara, styrkleikum og veikleikum svo og líðan nemenda í kennslustundum. Úttektin var bæði eigindleg og megingdleg. Viðskiptagreinar voru teknar út að þessu sinni. Niðurstaða úttektarinnar var ánægjuleg, góð orð voru höfð um frammistöðu beggja kennaranna, enda öflugir og miklir fagmenn. Heildarniðurstaðan var birt í sjálfsmatsskýrslu skólaársins 2010-2011. Ljóst er að slíkar úttektir eru komnar til að vera.

Eins og sjá má er sjálfsmat Fjölbrautaskólans í Garðabæ viðamikil og í sífelldri þróun. Lifandi skóli er í stöðugri mótun, sífellt koma fram nýir þættir í skólastarfinu sem vert er að skoða og læra af. Sjálfsmat er því aldrei tæmandi. Samanburður milli ára er mikilvægur, þó ekki væri nema til að sjá hvort skólastarfið sé á réttri leið, hvort úrbætur skila sér o.s.frv. Nauðsynlegt er að gerðar verði úttektir á bæði sjálfsmatsaðferðum og skólastarfinu í heild á nokkurra ára fresti enda er það hluti af almennri eftirlitsskyldu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skólastarfinu eða einstökum þáttum þess eins og það er á hverjum tíma. Sjónum er beint að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna, svo sem stjórnun, kennslu, þróunarstarfi, endurmenntun starfsmanna, samstarfi og samskiptum í skólanum, námsárangri og tengslum skólans við samfélagið.

## Rekstraryfirlit - Uppsafnað á árinu

Stofnun : '02360' , Tímabil : '12-11' , Stofnun/yfirviðfang/viðfang : 's'

Stofnun/yfirviðfang/viðfang: 02360 - Fjölbrautaskólinn í Garðabæ


Heiti	Rauntölur	Rekstraráætlun	Frávik	%
Dagvinna	299.420.317	288.628.606	-10.791.711	-3,74%
Aukagreiðslur	5.442.137	784.728	-4.657.409	-593,51%
Yfirvinna	65.883.936	56.574.680	-9.309.256	-16,45%
Launatengd gjöld	93.055.906	86.306.145	-6.749.761	-7,82%
	<b>463.802.296</b>	<b>432.294.159</b>	<b>-31.508.137</b>	<b>-7,29%</b>
Fundir, námskeið og risna	729.007	1.294.978	565.971	43,71%
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	646.532	376.851	-269.681	-71,56%
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	4.677.264	1.556.620	-3.120.644	-200,48%
Akstur	1.899.318	1.954.965	55.647	2,85%
	<b>7.952.121</b>	<b>5.183.414</b>	<b>-2.768.707</b>	<b>-53,41%</b>
Tímarit, blöð og bækur	1.033.544	911.765	-121.779	-13,36%
Skrifstofuvörur og áhöld	3.768.272	2.531.305	-1.236.967	-48,87%
Aðrar vörur	7.999.852	9.444.242	1.444.390	15,29%
	<b>12.801.668</b>	<b>12.887.312</b>	<b>85.644</b>	<b>0,66%</b>
Önnur sérfræðiþjónusta	8.539.206	9.194.348	655.142	7,13%
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	2.658.151	1.780.768	-877.383	-49,27%
Prentun,póstur, augl., flutningar	737.087	806.123	69.036	8,56%
Sími og ýmis leigugjöld	5.262.068	6.690.589	1.428.521	21,35%
	<b>17.196.512</b>	<b>18.471.828</b>	<b>1.275.316</b>	<b>6,90%</b>
Verkkaup og byggingavörur	196.694	171.288	-25.406	-14,83%
Rafmagn og heitt vatn	5.446.218	3.501.320	-1.944.898	-55,55%
Húsaleiga og aðk. ræsting	48.654.794	49.133.783	478.989	0,97%
	<b>54.297.706</b>	<b>52.806.391</b>	<b>-1.491.315</b>	<b>-2,82%</b>
Verkstæði og varahlutir	0	26.896	26.896	100,00%
	<b>0</b>	<b>26.896</b>	<b>26.896</b>	<b>100,00%</b>
Vextir, bætur, skattar	168.429	130.867	-37.562	-28,70%
Eignakaup	6.662.157	8.996.549	2.334.392	25,95%
Tilfærslur	505.700	513.084	7.384	1,44%
	<b>7.336.286</b>	<b>9.640.500</b>	<b>2.304.214</b>	<b>23,90%</b>
	<b>563.386.589</b>	<b>531.310.500</b>	<b>-32.076.089</b>	<b>-6,04%</b>
Sértekjur	-37.347.796	-19.928.684	17.419.112	-87,41%
	<b>-37.347.796</b>	<b>-19.928.684</b>	<b>17.419.112</b>	<b>-87,41%</b>
Aðrar rekstrartekjur	-18.432.519	-22.383.718	-3.951.199	17,65%
	<b>-18.432.519</b>	<b>-22.383.718</b>	<b>-3.951.199</b>	<b>17,65%</b>
Framlag ríkissjóðs	-509.607.932	-495.739.265	13.868.667	-2,80%
	<b>-509.607.932</b>	<b>-495.739.265</b>	<b>13.868.667</b>	<b>-2,80%</b>
	<b>-565.388.247</b>	<b>-538.051.667</b>	<b>27.336.580</b>	<b>-5,08%</b>
	<b>-2.001.658</b>	<b>-6.741.167</b>	<b>-4.739.509</b>	<b>70,31%</b>

# 02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

## Rekstraráætlun 2012

Helstu liðir	Spá um 2011	Áætlun 2012	Áætlun 2011	Mism. kr	Mism %
08 Aðrar rekstrartekjur	-18.432.519	-19.594.739	-22.383.718	-3.951.199	21,44%
08 Markaðar tekjur	0	0	0	0	
08 Sértekjur	-37.347.796	-24.305.044	-19.928.684	17.419.112	-46,64%
Tekjur alls	-55.780.315	-43.899.783	-42.312.402	13.467.913	-30,68%
01 Laun	463.802.296	462.973.457	432.294.159	-31.508.137	-6,79%
02 Ferðir og fundir	7.952.121	6.298.736	5.183.414	-2.768.707	-34,82%
03 Rekstrarvörur	12.801.668	13.492.050	12.887.312	85.644	0,67%
04 Aðkeypt þjónusta	17.196.512	17.245.609	18.471.828	1.275.316	7,42%
05 Húsnæði	54.297.706	57.245.108	52.806.391	-1.491.315	-2,75%
06 Bifreiðar og vélar	0	0	0	0	
07 Rekstrarkostnaður	7.336.286	8.086.351	9.640.500	2.304.214	31,41%
Rekstrarkostnaður	563.386.589	565.341.311	531.283.604	-32.102.985	-5,70%
Mismunur	507.606.274	521.441.528	488.971.202	-18.635.072	-3,57%
Tala til afstemmingar	517.863.772	521.441.528			
<b>Til ráðstöfunar</b>					
skv. fjárlögum	462.000.000	505.000.000			
frá fyrra ári	2.279.092	4.280.750			
annað	47.607.932	12.000.000			
Fjárheimildir alls	511.887.024	521.280.750			

Rekstrarafkoma ársins                      4.280.750                      -160.778                      0,0%  
 Afgangur    Halli



## Yfirlit sjálfsmats í FG

Tegund mats	Lagt fyrir	Skoðun á	Frákvæmd í höndum	Gagnaöflun	Úrvinnsla	Niðurstöður?	Hve oft frákvæmt?
Námsrángur	Allir nemendur skólans	Einkunnir hvers áfanga skoðaðar, bornar saman við fyrri annir.Meðaltal.	Kennarar / Kennslustjórar	Prófúrlausnir nemenda ásamt námsmati kennara	Kennslustjórar	Ræddar á fagfundum í deildum. Niðurstöður koma fram í ræðu skólameistara við skólaslit.	Á hverri önn.
Kennslukönnun meðal nemenda	Allir nemendur skólans	Námsefni, kennsluhættir, undirbúningur kennara, mat á gæðum kennslunnar	Gæðahópur	Rafræn könnun á námsnetinu lögð fyrir alla nemendur skólans	Skólameistari / aðstoðarskólameistari	Ræddar í viðtali við skólameistara / aðstoðarskólameistara	Á hverri önn.
Viðhorf nemenda	Nemendur á opnum fundi	Skólastarfinu, aðbúnaði, kennslu o.fl.	Stjórnendur	Stjórnendur og stjórnarmenn nemendafélags sitja fyrir svörum	Stjórnendur	Fundargerð er skrifuð og send á alla starfsmenn og nemendur skólans. Þar kemur fram tillaga að úrvinnslu.	Á hverri önn.
Starfsmannasamtöl	Allir starfsmenn skólans	Líðan starfsmanna, hvað má betur fara í skólastarfinu	Samtöl skipulögð eftir skipuriti skólans, yfirmenn ræða við undirmenn	Samtöl eru boðuð fyrirfram, sérstök eyðublöð eru til sem báðir aðilar skrifa undir	Skólameistari / aðstoðarskólameistari / kennslustjórar	Skólameistari kynnir helstu niðurstöður og setur fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf	Í apríl ár hvert Ekki frákvæmt á vorönn 2011 vegna umfangsmikils starfs við nýja námskrá
Líðan starfsmanna	Allir starfsmenn skólans	Ýmsum þáttum sem varða velferð og líðan starfsmanna. Viðbragðsáætlun skóla: gátlisti	Gæðahópur	Ýmsar skoðanakannanir, fundir o.fl.	Gæðahópur	Gæðahópur kynnir helstu niðurstöður og setur fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf	Stöðug starfsemi

## Yfirlit sjálfsmats í FG

Tegund mats	Lagt fyrir	Skoðun á	Framkvæmd í höndum	Gagnaöflun	Úrvinnsla	Niðurstöður?	Hve oft framkvæmt?
-------------	------------	----------	--------------------	------------	-----------	--------------	--------------------

Öryggi á vinnustað	Starfsmenn skólans eftir því sem við á	Öryggi og hollustuháttum á vinnustað.	Öryggisnefnd	Öryggisnefnd kallar til utanaðkomandi sérfræðinga eftir því sem við á	Öryggisnefnd og stjórnendur	Tillögur um úrbætur koma frá öryggisnefnd, framkvæmd í höndum skólameistara	Áhættumat á ca. 2-3 anna fresti
Staða forvarnamála í viðum skilningi	Alla nemendur skólans eftir því sem við á	Heilbrigðum lífsháttum, neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuvaldandi efna	Forvarnafulltrúi og forvarnateymi	Með ýmsum hætti, viðvera á dansleikjum, öllum ferðum á vegum skólans, einnig eru stundum lagðar fyrir nemendur kannanir	Forvarnafulltrúi og forvarnateymi	Tillögur um úrbætur koma frá forvarnateymi, framkvæmd í höndum stjórnenda	Stöðug starfsemi
Próf og prófagerð	Kennarar	Framkvæmd prófagerðar, búið er að setja prófagerð og framkvæmd prófa í sérstakt ferli	Áfangastjóri	Kennarar fara eftir fyrirmælum um samningu prófa, frágang og fleira. Próf skoðuð.	Áfangastjóri og kennslustjórar	Gripið er inn í ef próf eru ekki unnin samkvæmt fyrirmælum	Einu sinni á önn.
Kennsluáætlanir	Nemendur	Kennsluáætlanir skulu unnar með ákveðnum hætti, lagðar fyrir nemendur í fyrstu kennsluviku og setta á heimasíðu skólans	Kennarar undir stjórn kennslustjóra	Gengið úr skugga um að allar kennsluáætlanir fari á heimasíðu og séu samkvæmt fyrirmælum	Stjórnendur	Kennslustjórar sjá um ef úrbóta er þörf.	Einu sinni á önn.
Endurmenntun kennara	Kennarar	Endurmenntun kennara, lögboðinni og öðru	Skólameistari	Kennarar fylla út sérstakt skjal, aðstoðarskólameistari geymir staðfestingar	Skólameistari / aðstoðarskólameistari	Ut anumhald, yfirsýn kennarahópsins. Hvatning til kennara.	Stöðug starfsemi

## Yfirlit sjálfsmats í FG

Tegund mats	Lagt fyrir	Skoðun á	Frákvæmd í höndum	Gagnaöflun	Úrvinnsla	Niðurstöður?	Hve oft frákvæmt?
-------------	------------	----------	-------------------	------------	-----------	--------------	-------------------

Umsjónarkerfi	Umsjónarkennarar hafa viðtækt hlutverk sem er sérstaklega greitt fyrir	Umsjónartímum, frákvæmd skipulags, utanumhald	Verkefnastjóri, námsráðgjafar	Sérstakir umsjónarkennara-fundir	Verkefnastjóri og aðrir stjórnendur	Tillögur til úrbóta frákvæmdar eftir því sem þörf er á hverju sinni	Stöðug starfsemi Starfsemin enn frekar eflid á skólaárinu
Viðvera / ástundun nemenda	Allir nemendur skólans	Mætingu nemenda í kennslustundir. Seinkomur, fjarvistir án skýringa	Stjórnendur, kennarar, skólafulltrúar	Viðveruskráning í INNU.	Skólaráð, stjórnendur	Formleg afgreiðsla fer fram hjá skólaráði. Markmið: að minnka brottfall.	Stöðug starfsemi
Úttektir á einstökum námsgreinum	Kennarar og nemendur í einstökum námsgreinum	Færni kennara, þ.á.m. menntun, undirbúningi, kennsluháttum, árangri	Stjórnendur og viðkomandi kennslustjóri	Skoðun á kennsluáætlunum, tímar heimsóttir, niðurstöður prófa og verkefna skoðuð, viðtöl við kennara og nokkra nemendur(?)	Aðstoðarskólameistari	Niðurstöður ræddar og ef úrbóta er þörf þá gerðar tillögur þar um	Úttekt: Viðskiptagreinar